



## Reglur um hvatagreiðslur Dalvíkurbyggðar

Reglur, markmið og skilyrði fyrir niðurgreiðslu Dalvíkurbyggðar á frístundastarfi hjá börnum og ungmennum á aldrinum 4 – 17 ára.

### Markmið með hvatagreiðslum:

- Er að að gera börnum með lögheimili í Dalvíkurbyggð kleift að taka þátt í frístundastarfi óháð efnahag fjölskyldna. Hafi barn búsetu en ekki lögheimili hjá öðru foreldri sínu búsettu í Dalvíkurbyggð í a.m.k. 2 mánuði á það barn einnig rétt á hvatagreiðslum á meðan það hefur búsetu í Dalvíkurbyggð. Með frístundastarfi er átt við starf íþróttafélaga, leiklistarfélaga, myndlistarfélaga, tónlistarskóla og e.t.v. fleira. Ef vafi leikur hvort frístundin séu viðurkennd er forsvarsmanni félags bent á að hafa samband við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.
- Niðurgreiðslan stuðli að því að vinna gegn brottfalli.
- Þátttaka í íþrótt- og æskulýðsstarfi muni aukast og með því verði forvarnir eflar í sveitarfélaginu.

### Skilyrði til niðurgreiðslu:

- Starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélags þarf að uppfylla forvarna og uppeldisleg gildi. Jafnframt skulu íþrótt- og æskulýðsfélög hafa staðfestingu á að þjálfarar og leiðbeinendur séu með hreint sakavottorð samkvæmt æskulýðslögum.
- Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og ungmenna.
- Starfsemin nái yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur og þá aldrei minna en ein æfing í viku. Undantekning frá þessu eru sundnámskeið eða námskeið sem kennd eru á skemmri tíma og skal þá miðast vð eftirfarandi.
  - Námskeið sem nær a.m.k. 10 klst. og er að lágmarki 2 vikur geta iðkendur fengið styrk sem nemur allt að 2 mánuðum.
  - Ef námskeiðið er 2 mánuðir (8 vikur) er styrkurinn 2\* mánaðarstyrkurinn annars bara einn mánaðarstyrkur.

Alltaf þarf að sækja um til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa áður en námskeið hefst ef um þessa undantekningu er að ræða.

- Ef þátttökugjald er hærra en nemur hvatagreiðslu Dalvíkurbyggðar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.



- Niðurgreiðsla Dalvíkurbyggðar skal ekki nema hærrí fjárhæð en ákvörðuðu æfingagjaldi.
- Niðurgreiðslur ná til allt að þriggja greina í íþróttum eða öðru æskulýðsstarfi.
- Niðurgreitt verður aðeins hjá félögum utan Dalvíkurbyggðar sem bjóða upp á starfsemi sem ekki er í boði hjá félögum í Dalvíkurbyggð.

Félag/deild fær greitt fyrir hvern iðkenda í hverjum mánuði til lækkunar á þáttökugjaldi en upphæð niðurgreiðslu á mánuði er ákvörðuð í íþrótt- og æskulýðsráði út frá fjárhagsáætlun. Greitt er fyrir börn á aldrinum 4 -17 ára og skal miða við fæðingarár.

Framkvæmd greiðslna fer fram með þeim hætti að forráðamenn verða að fara inn á íbúagátt á vef Dalvíkurbyggðar og velja námskeið hjá viðkomandi félag/deild. Eingöngu er hægt að staðfesta þáttöku rafrænt í íbúagátt. Þegar forráðamaður staðfestir þáttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Dalvíkurbyggð staðfestingu. Mánaðarlega tekur Dalvíkurbyggð saman lista með fjölda þáttökustaðfestinga forráðamanna og sendir til félaga/deilda og greiðir félögum/deildum hvatagreiðslu samkvæmt nánara samkomulagi.

*Staðfest í íþrótt- og æskulýðsráði 7. maí 2013*

*Staðfest í sveitarstjórn 14. maí 2013*

*Uppfært og staðfest á fundi íþrótt- og æskulýðsráðs 03.11.2015*

*Aldursviðmiðum breytt í íþrótt- og æskulýðsráði 7. desember 2021*

*Staðfest í sveitarstjórn 14.12.2021*